

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir Hlíðarfjall – skíðasvæði við Akureyri.*  
Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 10. maí 2023 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hlíðarfjall – skíðasvæði.

Breytingin felur í sér að leyfilegt byggingarmagn hækkar úr 1.000 m<sup>2</sup> í 1.065 m<sup>2</sup> og samhliða hækkar nýtingarhlutfall úr 0,333 í 0,355. Þá er skilmálum breytt þannig að bygging getur verið á tveimur hæðum í stað einnar áður.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 10. maí 2023,*

**María Markúsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfudagur: 11. maí 2023